FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

# Áfangalýsing FAS

| | |
|---|---|
| **Titill** | Tilveran með áherslu á sjálfbærni og umhverfisvitund |
| **Námsgrein:** | Tilveran |
| **Viðfangsefni:** | Sjálfbærni og umhverfismennt |
| **Skammstöfun:** | TILV1SU02 |
| **Þrep:** | 1 |
| **Einingafjöldi:** | 2 |
| **Lýsing:** | Áhersla er á sjálfbærni og umhverfisvitund. Farið verður yfir fjölbreytta sýn á aðstæður og umhverfi ungs fólks í dag og hvernig hugtakið sjálfbærni kemur fyrir í daglegu lífi. Nemendur kynnast helstu umhverfisvandamálum sem við glímum við í heiminum og hvað við getum lagt af mörkum til jákvæðari þróunar. Nemendur verða hvattir til að velta því fyrir sér hvað móti tengsl manns og náttúru. |
| **Forkröfur:** | Engar |
| **Þekkingarviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• hugtakinu sjálfbærni<br>• hugtökum sem snerta umhverfismál og umhverfisvitund<br>• að sérstaða manna meðal lífvera er margvísleg<br>• fjölbreytileika lífs. |
| **Leikniviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• skoða eigin neysluvenjur og áhrif þeirra á eigin velferð og umhverfi<br>• nálgast viðfangsefni á fjölbreyttan hátt<br>• átta sig á fjölbreytileika samfélagsins og mismunandi menningarheimum. |
| **Hæfniviðmið:** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• skilja þá hugsun sem felst í hugtakinu sjálfbærni<br>• virða fjölbreytileika náttúru, umhverfis og fólks<br>• vera virkur þátttakandi í umræðu um umhverfismál. |
| **Námsmat** | Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá. |